

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi.

#### 1. gr.

##### *Gjaldskylda.*

Hrunamannahreppur innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010.

#### 2. gr.

##### *Stofngjald fráveitu.*

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðarmörkum húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

Heimtaug ≤ 150 mm	kr. 201.000
Heimtaug 151 - 200 mm	kr. 215.000
Heimtaug 201 til 250 mm	kr. 227.000

Gjöld vegna heimtauga > 250 mm eru reiknuð út sérstaklega.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra.

Stofngjald fyrir innmælingu og skrásetningu rotþróa sem ekki eru tengd holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 36.000.

Stofngjald fráveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala desember 2010 505,3 stig.

#### 3. gr.

##### *Fráveitugjald.*

Af þeim fasteignum í Hrunamannahreppi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,30% af fasteignamati viðkomandi fasteignar þó að hámarki kr. 60.000 fyrir hverja íbúð og kr. 180.000 vegna atvinnuhúsnæðis.

Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

#### 4. gr.

##### *Rotþróargjald.*

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróar skal húseigandi greiða eftirfarandi rotþróargjald fyrir hverja losun fyrir sig:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
Rotþró < 4.000	15.300
Rotþró 4.001-6.000	17.600
Rotþró 6.001-8.000	19.900
Rotþró 8.001-10.000	24.600
Rotþró > 10.000	2.380 kr. pr. umfram rúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 1.860.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal greiða sérstaklega.

5. gr.

*Gjalddagar.*

- a) *Stofngjald fráveitu:* Gjalddagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.
- b) *Fráveitugjald:* Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.
- c) *Rotþróargjald:* Gjalddagi rotþróargjalds er við útgáfu reiknings.

6. gr.

*Innheimta.*

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

7. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt í veitustjórn Hrunamannahrepps þann 29. nóvember 2010 og hreppsnefnd Hrunamannahrepps þann 2. desember 2010 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 9. desember 2010, er sett með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá um fráveitur í Hrunamannahreppi sem samþykkt var þann 12. ágúst 2009.

*Hrunamannahreppi, 13. desember 2010.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2010